

Fyrirspurn

til félags- og jafnréttismálaráðherra um úrbætur í jafnréttismálum.

Frá Hildi Knútsdóttur.

Hvaða aðgerðum hafa stjórnvöld beitt til að bregðast við um ársögðum tilmælum um úrbætur í jafnréttismálum frá nefnd Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum þar sem sérstaklega var lögð áhersla á:

- a. samþykkt aðgerðaáætlunar gegn kynferðisofbeldi og heimilisofbeldi sem taki tillit til þarfa fatlaðra kvenna og kvenna af erlendum uppruna,
- b. að tryggt verði að lögregluembætti um allt land geti tekið upp verklag lögreglunnar í Reykjavík í ofbeldismálum,
- c. að þegar verði gripið til aðgerða til að fjölga konum innan lögreglunnar og Hæstaréttar og í háttsettum stöðum í utanríkisþjónustunni?

Skriflegt svar óskast.